

Grímsnes- og Grafningshreppur
Borg
805 Selfossi

Garðabær, 7. maí 2025
202503-0269/A.B.
08.02

Efni: Umsögn - Tillaga - Deiliskipulag - Hallkelshólar lóð L168514; Fiskeldi Grímsnes- og Grafningshreppur.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 27. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hallkelshóla.

Í greinargerð kemur fram að lögð er fram umsókn sem tekur til nýs deiliskipulags fyrir fiskeldi að Hallkelshólum. Svæðið sem um ræðir er skilgreint sem l13 í gildandi aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Heildarstærð deiliskipulagssvæðis er um 14 ha. Leyfi er fyrir allt að 135 tonna framleiðslu á laxaseiðum með 100 tonna hámarkslífsmassa.

Hraun

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins vestan við lækinn er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að verndargildi hrauna sé kortlagt innan skipulagssvæðisins með viðeigandi skilmálum við gerð framkvæmdarleyfis, fjallað sé um náttúrufyrirbærin í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Fuglalíf

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða. Náttúruverndarstofnun bendir á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðirnar starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Náttúruverndarstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, þ.e. heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Ekki er vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.¹

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdarsvæðið og jaðarsvæði þess sé kortlagt, fjallað sé um hversu mikið af búsvæðum muni tapast og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á búsvæði fuglanna.

Auk þess bendir stofnunin á að stækkun landeldisstöðvarinnar og aukin umsvif hennar geta leitt af sér aukna umferð, hávaða- og ljósmengun sem allt getur haft áhrif á fuglalíf þó beint búsvæðatap sé lítið.

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar² og bendir Náttúruverndarstofnun á að á þessum svæðum geta verið fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á valista og ábyrgðartegundir Íslands. (Sjá lista Náttúrufræðistofnunar: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>).

¹ <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

² <https://vistgerdakort.ni.is/>

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar frá árinu 2012 er nefnist „Vöktun íslenskra fuglastofna - Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun“ eftir Guðmund A. Guðmundsson og Kristinn Hauk Skarphéðinsson segir m.a. að talað sé um ábyrgðartegundir einstakra landa ef stór hluti einhvers dýrastofns byggir afkomu sína á tilteknum svæðum innan einstakra þjóðríkja. Einnig segir í skýrslunni að Íslendingar beri mikla ábyrgð á mörgum stofnum fugla sem annaðhvort verpa hér í óvenju ríkum mæli eða þá að stór hluti viðkomandi stofns fari hér um á ferðum sínum vor og haust. Á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar segir að miðað sé við að ef um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum þá kallist hún ábyrgðartegund.

Vistgerðir

Í greinargerð segir að svæðið umhverfis fiskeldisstöðina sé vel gróið og þar er skv. vistgerðarkortlagningu að finna eftirtaldar vistgerðir; mosamelavist, runnamýravist á láglandi, língresis- og vingulsvist, víðikjarrvist, grasengjavist og grasmóavist. Mosamelavist hefur lágt verndargildi en aðrar vistgerðir hátt eða mjög hátt verndargildi. Horfa þarf til þess að viðmiðunarmælikvarði vistgerðarkortlagningar er 1:25.000.

Þar sem að sveitarfélagið telur að það sé ekki alveg öruggt að þessar vistgerðir finnist innan marka svæðisins bendir Náttúruverndarstofnun á þann möguleika að svæðið verði kortlagt og greint með meiri nákvæmni m.t.t. til vistgerða. Einnig vill stofnunin minna á að í kafla 4 skipulagsreglugerðar segir að ef óvissa er um áhrif á umhverfið, eða mat á áhrifum kallar á frekari rannsóknir og nánari athugun á síðari stigum, svo sem við gerð deiliskipulags og/eða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, skal gerð grein fyrir því í aðalskipulagstillögunni.

Auk þess bendir stofnun á þann möguleika að setja skilmála um að óheimilt sé að raska vistgerðum sem hafa hátt verndargildi nema mat liggi fyrir um áhrif framkvæmdar og lögð sé áhersla á endurheimt gróðurs og góðan frágang.

Úrgangur

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um hvaða þættir fráveitu geta haft áhrif á lífríki og hver áhrif fráveitu verða. Sömuleiðis er mikilvægt að fjallað sé um úrgangsmeðhöndlun (fiskimýkju/seyru/fastefnis). Ef gert er ráð fyrir því að dreifa úrganginum sem áburði er mikilvægt að það komi fram hvar það verði gert og hvaða umhverfisáhrif sú dreifing kunni að hafa.

Þar sem fyrirhuguð framkvæmd er innan mikilvægs fuglasvæðis og við kjörvistgerðir fyrir fugla sem eru ábyrgðartegundir Íslands og hefur fækkað mikið á síðustu árum er mikilvægt að hvorki fráveita né úrgangsmeðhöndlun geti laðað að hræ- eða alætur líkt og máfugla sem hafa mikil áhrif á varp, fæðukeðju og vistkerfi í heild.

Starfsleyfi

Í greingarð segir að gæta skuli vel að því að fráveita frá fiskeldi sé í samræmi við lög og reglugerðir og skilmála í starfsleyfi. Náttúruverndarstofnun bendir á að á heimasíðu Umhverfis – og orkustofnunar er hægt að finna starfsleyfi og eftirlitsskýrslur fyrir fiskeldisstöðina.³

Lyfja- og efnanotkun

Í greinargerð deiliskipulags segir að mælst sé til þess að lyfja- og efnanotkun verði haldið í lágmarki til að draga úr hættu á mögulegri mengun. Óljóst hvað er átt við með þessu, en lyf sem notuð eru í fiskeldi geta borist út í umhverfið og haft áhrif á vistkerfi, þar á meðal vatnalíf og fuglalíf.⁴

Mengun

Óljóst er hvort starfsleyfisskilyrði, mengunarstjórnun og vöktunaráætlun ná til lyfjanotkunar.

Auk þess er óljóst hvort að uppsöfnuð mengun frá fiskeldinu sé mæld og vöktuð og hver áhrif uppsafnaðar mengunar eru frá stöðinni á vistkerfi, þar á meðal vatnalíf og fuglalíf.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson

sérfræðingur

³ <https://ust.is/atvinnulif/mengandi-starfsemi/starfsleyfi/eldi-sjavar-og-ferskvatnslifvera/fjallalax-grimsnesi/>

⁴ <https://academic.oup.com/icesjms/article/72/3/997/686282>